



Alþingi, nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2024

Erindi: Umsögn KFUM og KFUK við frumvarp til fjárlaga 2024 Þingskjal 1 — 1. mál.

Stjórnvöld á Íslandi sýna æskulýðs- og mannræktarstarfi KFUM og KFUK ríkan skilning. Til földa ára hefur KFUM og KFUK notið stuðnings á fjárlögum með þjónustusamningi við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Fyrir það ber að þakka.

Nauðsynlegur samningur

Samningurinn við Mennta- og barnamálaráðuneytið er félaginu lífsnauðsynlegur. Vegna hans hefur KFUM og KFUK getað starfrækt miðlæga skrifstofu sem styður við og þjónustar allar einingar starfsins, þ.á.m. hinar vinsælu sumarþúðir okkar. Samningurinn hefur veitt okkur tækifæri til að vera leiðandi og til fyrirmyndar í gæða- og öryggismálum sem lúta að velferð barna í æskulýðsstarfi. Hluti af því gæðastarfi er að standa fyrir öflugri þjálfun leiðtoga og hafa svæðisfulltrúa bæði á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Föst tala í samningnum rennur í sumarþúðir fyrir börn með ADHD og skyldar raskanir. Þá hefur samningurinn hjálpað félaginu að sinna skyldum sínum í alþjóðlegu samstarfi.

Samningurinn er þannig nauðsynleg kjölfesta í starfi KFUM og KFUK og hefur fjármagnað liði í starfseminni sem ekki er svo auðvelt að fjármagna með hefðbundnum hætti.

Athugasemdin


Upphæð samningsins hefur verið föst krónutala sem fylgir hvorki vísitölu né lögbundnum launahækkunum. Samkvæmt frumvarpinu hljóðar hann upp á 39 m.kr. fyrir árið 2024, eða sömu upphæð og síðustu ár (sjá lið 18.40 á bls. 114 í frumvarpinu).

Þrátt fyrir lítillsháttar hækkanir milli ára hefur samningurinn rýrnað meira en 20% að raunvirði á síðustu 7 árum eða um 45% sé horft allt aftur til ársins 2009.

Ósk um leiðréttingu

Í febrúar sl. sendum við Mennta- og barnamálaráðherra ósk um leiðréttingu fyrir árið 2024. Nú sendum við sama erindi inn til fjárlaganefndar.

Við erum svo frókk að horfa aftur til ársins 2009 og óskum eftir því að samningnum verð lyft upp í 70 m.kr. fyrir árið 2024. KFUM og KFUK á Íslandi mun einmitt fagna 125 ára afmæli árið 2024. Það færi því vel á góðri leiðréttingu á samningnum.



Myndin sýnir hvernig samningur KFUM og KFUK við Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur rýnað að raunvirði frá árinu 2009. Hefði hann haldið verðgildi sínu væri hann yfir 70 m.kr. árið 2023. (Vísitalan er 80% launavísitala og 20% neysluvísitala, en það speglar útgjaldaliði sem samningurinn dekkar).

Við höfum hingað til náð að halda nokkurnveginn sjó með allskonar aðgerðum til hagræðingar, en nú er svo komið að það gengur ekki lengur. Við getum ekki farið inn í árið 2024 án þess að skera niður. Frekari niðurskurður á miðlægri þjónustu við sjálfboðaliða eykur líkur á neikvæðum spýral og flóttu úr þeirra röðum.

Félagasamtök sækja ekki fram þegar rífa þarf seglin. Sjálfboðaliðar í forystu og stjórnnum finna fyrir því. Kyrrstaða og samdráttur til lengri tíma dregur úr áhuga fólks leggja sitt af mörkum. Þú færð enga góða sóknarmenn í lið sem spilar bara vörn.

Með nýjum leiðréttum samningi getum við snúið úr vörn í sókn. Við getum stórelft stuðning við sjálfboðaliða í stjórnnum og á vettvangi starfsins. Við getum staðið enn betur að öryggi og farsæld barna í starfinu okkar, samhliða því að taka næstu skref við uppfræðslu og þjálfun leiðtoga. Með nýjum samningi getum við elft alþjóðlegt samstarf, bæði miðlað af reynslu okkur, en einnig sótt nýjungar inn í fjölbreytt æskulýðs- og sumarbúðastarf.

Með nýjum leiðréttum samningi getum við snúið fjölmörgum þáttum starfsins upp í jákvæðan spýral sem margfaldar sig þegar fram liða stundir.

Með von um að erindi okkar njóti skilnings og verði vel tekið.

Virðingarfyllst

Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is / Sími 896 3199

Viðbót:

Við höfum fengið tvær spurningar við erindinu sem við sendum til Mennta- og barnamálaráðherra í febrúar sl. Ég leyfi spurningunum og svari við þeim að fylgja hér með.

Hvað er átt við með:

Samningurinn hefur veitt okkur tækifæri til að vera leiðandi og til fyrirmyndar í gæða- og öryggismálum sem lúta að velferð barna í æskulýðsstarfi.

KFUM og KFUK hefur á síðustu 20 árum lagt mikla áherslu á að fræða leiðtoga um barnavernd og siðareglur. Við viljum að leiðtogarnir kunni að greina þegar börn búa við ofbeldi eða eru án orða að kalla á aðstoð. Jafnframt að kunna að bregðast við og koma málum í réttan farveg. Siðareglurnar snúa ekki aðeins að samskiptum leiðtoga við börnin, hvað má og hvað má ekki í þeim efnum, heldur einnig að samskiptum leiðtoga sín á milli. Með því að kenna siðareglurnar þá mörkum við menninguna í hópi leiðtoga, svo óæskileg hegðun fær ekki jarðveg.

Á síðustu 16 árum höfum við átt formlegt samstarf um þessi mál við Skátana, UMFÍ og Landsbjörgu í nafni Æskulýðsvettvangsins www.aev.is. Það er á engan hallað að segja að í því samstarfi hefur KFUM og KFUK leitt umræðuna um barnavernd og siðareglur og miðlað af dýrmætri reynslu. Á sama tíma höfum við þegið reynslu og þekkingu hinna hreyfinganna á öðrum sviðum, t.d. reynslu Landsbjargar og skáta í viðbragðsáætlunum. Í gegnum Æskulýðsvettvanginn er forysta okkar og þekking í málaflokknum að nýtast inn í annað íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu.

Við höfum haft öfluga fagmennskju í hlutastarfi til að halda utan um þessi mál. Starf hennar hefur á síðustu árum verið hoggið niður í 30%. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu hvort við höfum efni á því áfram. Á þessu sviði er þörfin hinsvegar frekar að bæta í og efla faglegt starf t.d. með aukinni fræðslu um barnavernd og siðareglur.

Hvað er átt við með:

Samningurinn hefur veitt okkur tækifæri til að hafa svæðisfulltrúa bæði á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

Á landsbyggðinni er lengra er að sækja í miðlæga þjónustumiðstöð félagsins í Reykjavík. Samningurinn við Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur gefið okkur tækifæri til að hafa launaða svæðisfulltrúa bæði á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Þeir skapa kjölfestu í starfinu og nauðsynlegan stuðning við sjálfboðaliða á sínum svæðum. Svæðisfulltrúinn í Vestmannaeyjum er hlutastarf, en lengst af var vorum við með svæðisfulltrúa í 100% starfi á Akureyri til að styðja við starfið þar og sumarbúðastarfið á Hólavatni. Á síðustu árum höfum við þurft að skera þá stöðu niður í 60%. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu hvort við höfum efni á að halda svæðisfulltrúunum. Við höfum þegar skorið niður samsvarandi kjölfestustörf í Reykjavík úr 2,5 stöðugildum 1 stöðugildi á síðustu 9 árum.